

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 þriðjudaginn 28. september 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Guðmundur Þór Birgisson, Álfhildur Leifsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður og Tómas Árdal varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna hjá MN.

Nýr starfsmaður, Auður Ingólfssdóttir, hóf störf hjá MN í gær. Mun starfa að áfangastaðaáætlun, rannsóknarverkefnum og öðrum verkefnum MN – verður á skrifstofu SSSV á Sauðárkróki.

Unnið er að uppfærslu á söluhandbókum fyrir Norðurstrandarleið og Demantshringinn – áhersla á þær á sýningum

Sýningar og vinnustofur eru að fara af stað bæði hérlendis og erlendis. MN með þátttöku á vinnustofum í Þýskalandi og Frakkland nú þegar, framundan eru vinnustofur á Spán, í Holland og Belgía og svo rafræn vinnustofa á Ítalíu. Einnig eru framundan ferðasýningarnar VestNorden á Reykjanesi í október og World Travel Market í London í nóvember. Bjartsýni framundan hjá ferðasöluáðilum erlendis, þrátt fyrir að vera í erfiðri stöðu eftir Covid.

Pretour fyrir VestNorden verður um Demantshringinn, Pretour sem boðið var uppá á Norðurland vestra bókaðist ekki að þessu sinni.

Uppskeruhátíð verður haldin 14. október n.k. á Dalvík, Ólafsfirði, Fljótum og Siglufirði. Hátíðin átti að vera á Norðurhjá svæðinu nú, en þaðan kom ósk um að halda í stað þess vorhátíð á því svæði þar sem sá árstími hentaði betur þar. Stefnt að því næsta vor.

Ársfundur ACW verður haldinn 8. nóvember.

Búið er að taka saman forgangslista DMP frá sveitarfélögum og senda inn.

Verið er að yfirfæra Upplifðu verkefnið til Íslandsstofu, sem mun taka við rekstri kerfisins.

Ferðamálaráð er að taka til starfa, en vantar erindisbréf sem mögulega kemur ekki fyrr en eftir að búið er að skipa nýjan ráðherra eftir kosningar.

Blaðamannaferðir eru farnar af stað, von á blaðamönnum nú í haust.

Nýlega voru upptökur á Norðurlandi á breskum ferðapætti sem birtist á næsta ári.

Unnið er að uppfærslu á bæklingum og vetrarútgáfa af borðkortinu er að koma úr prentun og fer í dreifingu á morgun.

Unnið er að greiningum á sumarherferðum sem keyrðar voru á samfélagsmiðlum í sumar.

Unnið er að frágangi á myndbandsefni fyrir söguferðapjónustu á Norðurlandi.

2. Flugmál

Verkefnastjóri fór yfir stöðu verkefna hjá Flugklasnum Air 66N. Þar er verið að vinna markvisst að því að ná samtali við ferðaskrifstofur sem hafa áhuga á beinu flugi til Norðurlands, m.a. í samvinnu við erlendan ráðgjafa. Flestar þeirra eru enn vængbrotnar eftir Covid og hafa hvorki þor né bolmagn til að taka áhættu með flugi beint á nýjan áfangastað. Áhugi ferðaskrifstofanna er hins vegar til staðar sem gefur góð fyrirheit fyrir framtíðina. Vinna er í gangi með einni ferðaskrifstofu með áform um leiguflug beint til Akureyrar árið 2023.

Flugklasinn er einnig í samstarfi við Isavia, Íslandsstofu og Austurbrú um að nálgast flugfélög til að setja upp beint flug til Akureyrar eða Egilsstaða.

Varðandi Akureyrarflugvöll, þá var ákveðið að bjóða út aftur viðbygginguna við flugstöðina. Einungis barst eitt tilboð, sem var að lokum hafnað. Margir verktakar kvörtuðu yfir því að kröfur sem gerðar voru til tilboðsgjafa gerðu það að verkum að nánast engin fyrirtæki á Norðurlandi gætu sent inn tilboð. Breyta á þessum kröfum og bjóða verkið út að nýju. Vonir standa til að þetta seinki ekki framkvæmdum.

Icelandair virðist vera að setja aukna áherslu á að selja Akureyri sem áfangastað, eftir að fyrirtækið yfirtók starfsemi Air Iceland Connect. Jafnframt hafa verið á flugi milli AEY og RKV lækkað eftir breytingarnar. Hvoru tveggja er mjög jákvætt fyrir ferðapjónustuna og mun Flugklasinn vinna með söluskrifstofum Icelandair að því að auka straum ferðamanna norður.

Voigt Travel mun hefja vetrarflug sitt frá Amsterdam til Akureyrar 11. febrúar 2022 og fljúga tvisvar í viku fram í mars. Salan löngu hafin hjá Voigt Travel og Ferðaskrifstofa Akureyrar er einnig farin að selja pakkaferðir frá Akureyri til Amsterdam.

3. Rekstur

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu rekstrar hjá MN.

Framkvæmdastjóri kynnti áform um sjálfbærni verkefni fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi.

4. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri kynnti áform um stefnumótunarfund stjórnar MN 15. - 16. nóvember 2021. Umræður um efni og mál til að leggja áherslu á í stefnumótunavinnunni. Stjórn sammála um að fá ráðgjafa til þess að stýra fundinum.

5. Önnur mál

Stjórnarseta Sigrúnar Huldu

Sigrún gerði grein fyrir því að hún væri búin að flytja sig um set innan fyrirtækisins og hún núna flutt suður. Hún starfar samt áfram hjá sama fyrirtæki sem er aðili að MN. Spurning hennar er hvort stjórn telji rétt að hún víki sem stjórnarmaður vegna búferlaflutninganna.

Stjórn sammála um að Sigrún sitji áfram í stjórn.

Tómas yfirlit fund kl 10:55

Uppskeruhátíð

Ákveðið hefur verið að halda Uppskeruhátíð ferðapjónustunnar á Norðurlandi þann 14. október n.k. Að venju verða þar veittar viðurkenningar í nokkrum flokkum til fyrirtækja á starfssvæðinu.

Umræða um hvaða aðilar hljóta viðurkenningar að þessu sinni.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 11:20

Fundarritari HPP